

## GJALDSKRÁ

**fyrir sérstakt búfjárefirlit í Hörgárbyggð.**

1. gr.

Gjald fyrir sérstaka haustskoðun, sbr. 11. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., skal miðast við tímaeiningu. Gjald á tímaeiningu, sem er ein klst., skal vera kr. 5.000.

2. gr.

Eftirlitsgjald, sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárefirlit o.fl., skal vera kr. 5.000 pr. klst.

3. gr.

Aksturskostnaður vegna ferða eftirlitsmanns, sbr. 1. og 2. gr., skal greiddur af hlutað-eigandi umráðamanni búfjár. Kostnaður pr. ekinn km miðast við gjald sem ákveðið er af ferðakostnaðarnefnd fjármálaráðuneytisins.

4. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku skv. 1., 2. og 3. gr.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga um búfjárhald o.fl., nr. 103/2002 og tekur þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 27. janúar 2004.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

---

*Atli Már Ingólfsson.*